

Nd.

182. Frumvarp til laga

[23. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 23 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Í stað orðsins í 51. gr. 1. málsg. „sjúkrasamlög“ komi: sjúkrasamlög og héraðs-samlög.

Í stað orðanna í 51. gr. 2. mgr.: „49. gr. b. og c.“ komi: 49. gr. 4. mgr. a. og b.

Í stað 51. gr. 3. mgr. komi:

Frá og með 1. janúar 1969 skulu daggjöld opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana, sem 1.—3. mgr. 49. gr. tekur til, svo og gjaldskrár sömu stofnana vegna þjónustu við sjúklinga, sem ekki eru lagðir inn, greidd samkvæmt ákvörðun 5 manna nefndar, sem er þannig skipuð: Fjármálaráðherra skipar einn, Tryggingastofnun ríkisins skipar einn, Landssamband sjúkrahúsa skipar einn, Samband íslenskra sveitarfélaga skipar einn og heilbrigðismálaráðherra skipar einn, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Verði atkvæði jöfn í nefndinni, ræður atkvæði formanns.

Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrá á þann hátt, að heildartekjur stofnananna miðast við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrigðismálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar og framkvæmd.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli endurgreidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

10. gr. hljóðar svo:

55. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiði Tryggingastofnuninni framlag til sjúkratrygginga, er nemur 25% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Framlag þetta greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Tryggingastofnun ríkisins heldur eftir hluta af framlagi ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar samkvæmt áætlun, sem stofnunin skal gera árlega fyrir hvert almanaksár og senda öllum sjúkrasamlögum fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin skal við það miðuð, að leiðrétting náist á þeim mismun, sem orðið hefur á áætlun og ársreikningi síðastliðins árs, og enn fremur skal taka tillit til nauðsynlegrar endurskoðunar á áætlun yfirstandandi árs. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af útgjöldum sjúkratryggingadeildar.

Sá hluti af framlagi ríkissjóðs, sem ekki fer til sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar, rennur til sjúkrasamlaga og skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld. Enn fremur greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur 85% greiddra iðgjalda.

Framlög til samlaga samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt iðgjöld á ársfjórðungum. Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálf t eða heilt ár, greiðast þó framlögin í samræmi við það. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, eru séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Þeim sjúklingum, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögum um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuþla og njóta styrks vegna dvalar í sjúkrahúsi eða hæli hinn 31. desember 1967, skal tryggð sjúkrahúss- eða hælsvist, af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar frá 1. janúar 1968 án tilltis til, um hve langa vist hefur verið að ræða.

Lífeyrstryggingarnar greiða, án sérstaks úrskurðar um örorku til langframa, sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem tryggð er sjúkrahúss- eða hælsvist samkvæmt 1. málgr. þessarar greinar.

Frá því að dvöl samkvæmt 1. málgr. lýkur eða hún telst ekki lengur nauðsynleg, fer um tryggingu sjúkrahúss- og hælsvistar og greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda eftir almennum ákvæðum laga þessara.

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs samkv. 1. mgr. 55. gr. vera 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna, og framlag sveitarsjóðs samkv. 3. mgr. skal vera 65% greiddra iðgjalda.

Daggjöld samkv. 51. gr., sbr. 49. gr., skulu á árinu 1968 ákveðin á sama hátt og verið hefur.

Sú leiðrétting, sem ákveðin er í 4. mgr. 24. gr. laganna á framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda, sbr. b- og d-liði 2. mgr. 23. gr. laganna, fyrir árið 1967, skal falla niður. Halli, sem af þessu leiðir, skal tekinn úr varsjóði lífeyrstrygginga.

Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins, með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborgun á bótum frá almannatryggingunum.